



FJÁRMÁLAEFTIRLITID

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

VIÐAUKI

Dæmi um viðtalsþætti vegna mats á hæfi stjórnarmanna í lífeyrissjóðum

Við mat sitt er ráðgjafarnefnd Fjármálaeftirlitsins gert að kanna þekkingu, skilning og viðhorf stjórnarmanna varðandi helstu efni sem tengjast verksviði þeirra í ítarlegu viðtali og byggja umsögn sína m.a. á þeim upplýsingum sem þar koma fram. Til glöggvunar á umfangi viðtalsins þá eru hér að neðan talin upp þau efnisatriði sem koma til með að mynda ramma viðtalsins.

1. Þekking stjórnarmanns á starfsemi lífeyrissjóða almennt og starfsemi þess lífeyrissjóðs sem í hlut á sérstaklega

- Hverjar eru helstu skráðu réttarheimildir um lífeyrissjóði?
- Hverjar eru lagareglur um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi?
- Hvert er markmið opinbers eftirlits með lífeyrissjóðum og hvernig er því háttað?
- Meginreglur skráðra réttarheimilda (laga, reglugerða, reglna og leiðbeinandi tilmæla) varðandi lífeyrissjóði?
- Hverjar eru meginreglur um starfsheimildir lífeyrissjóða og starfsleyfi þeirra?
- Hver eru meginatriði laga um hæfisskilyrði stjórnarmanna lífeyrissjóðs?
- Hver eru helstu ákvæðin um verkefni og skyldur stjórnar lífeyrissjóðs?
- Hver eru helstu lagafyrirmæli um hæfisskilyrði og starf framkvæmdastjóra lífeyrissjóðs?
- Hver eru helstu ákvæði um heimildir samtryggingadeilda og séreignardeilda lífeyrissjóða til fjárfestinga og takmarkanir þeirra?
- Tryggingafræðilega athugun á lífeyrissjóði og tryggingafræðilegt jafnvægi.
- Helstu ákvæði um tryggingarstærðfræðing og endurskoðanda lífeyrissjóða.
- Hver er sérstaða lífeyrissjóða í samanburði við aðra starfsemi á fjármálamarkaði?
- Hvað er áhætta og hverjar eru helstu áhættur tengdar lífeyrissjóðum?

2. Reikningsskil og endurskoðun lífeyrissjóða

- Hvaða lög, reglur og tilmæli tengjast ársreikningum, endurskoðun og endurskoðendum?
- Hvernig er reikningsskilum lífeyrissjóða háttað og hver eru helstu álitamál sem upp geta komið við mat á hreinni eign?
- Alþjóðlegir endurskoðunarstaðlar, ISA, tilvist og markmið þeirra, t.d. ISA 200.
- Hver er tilgangur og markmið reikningsskila og endurskoðunar?
- Hver ber ábyrgð á/hefur eftirlit með reikningsskilum/endurskoðun?
- Mikilvæg grundvallarhugtök og skilgreiningar í reikningsskilum lífeyrissjóða, t.d. fjármálagerningar, hrein eign til greiðslu lífeyris, tryggingafræðileg staða, afleiður, áhættustýring, glögg mynd og reikningshaldslegt mat og o.fl.
- Kennitölur, millifyrirsagnir og framsetning ársreiknings lífeyrissjóða.
- Hlutverk ytri endurskoðanda – hvað þýðir „endurskoðaður ársreikningur“?
- Hvert er hlutverk endurskoðunarnefnda og innri endurskoðunar?
- Hvert er hlutverk innra eftirlits lífeyrissjóðs og hvernig skal því hagað?
- Reikningsskil, lífeyrissjóðirnir og samfélagið.
- Hvert er hlutverk áhættustýringar í lífeyrissjóði og hvernig ber að skipuleggja þann þátt í starfsemi?
- Hvernig er hægt að mæla og meta áhættu?



FJÁRMÁLAEFTIRLITID

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

3. Hlutverk, ábyrgð og helstu verkefni stjórnar og einstakra stjórnarmanna í lífeyrissjóði

- Mótun fjárfestingarstefnu og samþætting við áhættustýringu.
- Eftirlitshlutverk stjórnar og framkvæmd þess.
- Starfsreglur stjórnar, verklagsreglur og siðareglur.
- Val stjórnenda og samskipti við þá.
- Ábyrgð stjórnarmanna á athöfnum sínum eða aðgerðaleysi.
- Skyldur stjórnarmanna og góðir stjórnarhættir samkvæmt viðteknum viðmiðum viðskiptasamfélagsins.
- Áætlað vinnuálag sem stjórnarstörfin krefjast og helstu verkefni stjórnarmanns.
- Samfélagsleg ábyrgð og umboðsskyldur stjórnarmanna lífeyrissjóða.
- Meginmunur á verkefnum/ábyrgð stjórnarformanns og annarra stjórnarmanna.

4. Sjálfstæði, dómgreind og viðhorf

- Sjálfstæði stjórnarmanns og eðlilegar kröfur um sjálfstæði.
- Hagsmunatengsl stjórnarmanns og hugsanlegt vanhæfi í einstökum málum.
- Röksemdir stjórnarmanns fyrir eigin hæfi og hæfni og upplýsingar um reynslu og aðstöðu til að gegna starfi stjórnarmanns.
- Afstaða stjórnarmanns til raunhæfra dæma úr rekstri lífeyrissjóða sem mögulega verða nefnd.

2. janúar 2015

FJÁRMÁLAEFTIRLITID